

Mánudaginn 26. febrúarmán.

Nr. 2/1883

Hið opinbera  
 gegn  
 Valgarði Breiðfjörð

## Dómur:

Með dómi, sem kveðinn var upp á lögregluþingi Reykjavíkur kaupstaðar 23. dag nóvembermánaðar f. á., var Valgarður trjesmiður Breiðfjörð dæmdur til að lúka 30 kr. sekt til fátækra sjóðs nefnds kaupstaðar fyrir að hafa byggt hús á lóð sinni, þótt byggingarnefnd kaupstaðarins hefði synjað honum um leyfi til þess; skyldi hann ennfremur rífa húsið að við lagðri 3 kr. daglegri sekt, og greiða allan málskostnað.

Þessum dómi hefur að ósk hins kærða verið skotið til yfirdómsins.

Hinn kærði hefur fyrst og fremst krafizt, að hinn áfrýjaði dómur verði dæmdur ómerkur og allur málskostnaður dæmdur úr opinberum sjóði. Sem ástæðu fyrir kröfu þessari hefur hann haldið því fram, að undirdómarinn, bæjarfógeti Jónassen, hefði ekki verið bær um, eða átt að dæma í málinu, þar sem hann væri viðriðinn málið, það er, sæti í byggingarnefndinni, og hefði því lagt dóm á eigin aðgjörðir, og væri sonur nábúa hins kærða, ekkjufrúar Jónassens, er ætti í máli við sig útaf ágreiningi um lóðarspildu, og flytti málið af hennar hendi, og væri þetta mál mjög skylt hinu.

En yfirdómurinn getur ekki aðhyllst þá skoðun hins kærða, að undirdómarinn hafi verið riðinn við þetta mál, því það er hvergi boðið (og hefur

ekki átt sjer stað), að bæjarfógetinn í Reykjavík, sem er formaður byggingarnefndarinnar, eigi að vikja úr dómarasæti í þeim málum, er rísa kunna út af aðgjörðum byggingarnefndarinnar eða óhlýðni gegn fyrirskipunum hennar, og að því snertir mál það, sem hann flytur fyrir móður sína mót kærða, þá bera dómsgjörðirnar alls ekki með sjer, að það sje svo tengt eða skylt því máli, sem hjer er áfrýjað, að þar af hafi hlotið að leiða, að undirdóm-arinn, bæjarfógeti Jónassen, ekki hafi verið bær um að dæma í máli því, sem hjer liggur fyrir. Ómerkingarkröfu hins kærða verður því ekki sinnt.

Málið er svo vaxið, að hinn kærði hafði árið 1881 beðið byggingarnefnd kaupstaðarins um leyfi til að byggja útihús norðanvert á lóð sinni; en nefndin synjaði um leyfið; næsta ár eptir fór hinn kærði samt að byggja, en bæjarfógetinn lagði bann fyrir, og er hinn kærði hirti ekki um, ákvað byggingarnefndin, að höfða skyldi mál á móti honum, og urðu þau úrslit á því sem áður segir. Hinn kærði hefur nú til vara krafizt að verða dæmdur sýkn af kærnum og kröfum byggingarnefndarinnar og lögreglustjórans í þessu máli, og að hið opinbera verði látið borga allan málskostnað. Hefur hann einkum þessari kröfu sinni til stuðnings haldið því fram, að hann hafi alls ekki byggt neitt hús, og því ekki brotið gegn neinu banni byggingarnefndar eða lögreglustjóra, heldur að eins garða eða veggi úr grjóti og bindingi, og þótt hann yfir þessa veggi hafi lauslega lagt nokkur langbönd úr trjei og járnþynnur ofaná án þess að festa þetta

með nöglum, þá geti þetta ekki hús heitið, því ekki haldi þessu þaki nema trje og steinar er sjeu lagðir ofaná það, og hefur hann því til styrkingar lagt fram vottorð tveggja trjesmiða hjer í bænum um, að þessi bygging hins kærða ekki að þeirra álitu megi hús heita, heldur tópt, byrgi eða skýli.

En yfirdómurinn verður samt að vera á þeirri skoðun, að þessa bygging hins kærða beri að skoða sem hús, er hann eptir opnu brjefi 29. maí 1839 ekki hafi mátt gjöra nema með leyfi byggingarnefndarinnar; byggingin hefur öll veruleg einkenni húss; þar eru veggir og yfir veggjunum þak; hvernig þakið er fest gjörir lítinn eða engan verulegan mun, en hitt er aðalatriðið, hvort bygginguna megi nota sem hús, og það verður með sanni sagt um þessa byggingu hins kærða, því hann hefur sjálfur játað, að hann noti hana meðal annars sem fjós. Það verður því ekki komizt hjá að sekta hinn kærða samkvæmt opnu brjefi 29. maí 1839 og virðist sekt hans eptir 3. gr. E eptir atvikum hæfilega metin 15 krónur, er renni í fátækra sjóð Reykjavíkur kaupstaðar, svo ber og eptir sömu grein, þar eð byggingunni er hagað öðruvísi en byggingarnefndin hefði viljað, að henni væri komið fyrir, að skylda hann að við lagðri daglegri sekt, er skal ákveðin 3 krónur, að taka þakið ofan af veggjunum, svo ekki verði byggingin lengur notuð sem hús. Eptir atvikum ber hinum kærða að greiða allan málskostnað bæði fyrir undir og yfirdómi, þar með talin málsfærslulaun til sóknara og svaramanns fyrir yfirdóminum, 10 kr. til hvors þeirra.

Rekstur málsins í hjerði hefur verið vitalaus og sókn og vörn í því við yfirdóminn lögmet.

Því dæmist rjett að vera:

Kærði, Valgarður trjesmiður Breiðfjörð, á að greiða 15 króna sekt til fátækra sjóðs Reykjavíkur kaupstaðar og að við lagðri 3 kr. daglegri sekt að taka þakið af byggingu þeirri, sem hann hefur reist áfast við vesturenda geymsluhúss síns. Svo ber honum og að greiða allan kostnað af máli þessu, bæði fyrir undir- og yfirdómi, þar með talin málsfærslulaun til sóknara og svaramanns fyrir yfirdómi, málaflutningsmannanna Þorsteins Jónssonar og Páls Melsteðs, 10 krónur til hvors þeirra.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirting dóms þessa undir aðför að lögum.

Mánudaginn 5. marzmán.

Nr. 21/1882

Landshöfðinginn  
fyrir hönd landssjóðsins  
gegn

Yfirdómara L. E. Sveinbjörnsson

Dómur:

Tildrög og atvik þessa máls eru þau, að 12. apríl 1878 var þá verandi bæjarfógeti í Reykjavík og sýslumaður í Gullbringu og Kjósarsýslu, L. E. Sveinbjörnsson, skipaður 2. assessor og dómsmálaritari í yfirdóminum, og tók hann við því embætti 1.